



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Steinahlíð

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
3 Innra mat Hlíð.....	5
4 Innra mat Kjarr	9
5 Innra mat Laut	12
6 Innra mat Sérkennsla.....	16
7 Innra mat Fjöltyngi	17
8 Starfspróun.....	19
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
10 Umsögn foreldraráðs	21
10.1 Fylgiskjal 1 - Skóladagatal	23



Leiðarljós leikskólans

Greinargerð leikskólastjóra

Í leikskólanum Steinahlíð eru um 14 stöðugildi. Einhverjar breytingar geta verið á því eftir aldri og samsetningu barnahópsins hverju sinni. Umfang sérkennslu hefur einnig áhrif á fjölda stöðugilda

Starfsmannahald Steinahlíðar lítur nokkuð vel út. Einhverjar breytingar verða þó með haustinu. Starfsmannahald hefur verið stöðugt og er útlit fyrir að sá stöðugleiki haldi. Hlutfall menntaðra kennara er nokkuð hátt. Sex leikskólakennarar starfa við Steinahlíð. Að auki höfum við fólk með aðra menntun sem kemur þá með sína sýn á starfið. Fagmenntað starfsfólk bætir og eykur faglegt starf innan leikskólans sem skilar sér beint til barnanna.

Áherslupættir á komandi vetri verða svipaðir og þeir hafa verið. Við ætlum að leggja áherslu á útinám og ræktun. Við höfum fengið lítið gróðurhús sem við ætlum að nýta sem allra mest. Með því getum við framlengt ræktun lengra fram á haust, að auki er hægt að byrja ræktunarstörf fyrr að vori. Okkur hefur orðið ágengt með að koma útinámi á fleiri hendur er var. Við höfum frábært fólk sem hefur áhuga og getu til þess að stunda útinám og njóta útiveru með börnunum.

Í menntastefna Reykjavíkurborgar sem nær til ársins 2030 koma meðal annars fram fimm grundvallarpætti. Þættirnir eru félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði. Við stefnum ótrauð að því að efla okkur í öllum þessum þáttum á komandi vetri. Þessir grundvallarpættir rúmast ágætlega fyrir í þeim áhersluatriðum sem nefnd eru hér að neðan.

Við teljum okkur hafa allar forsendur til þess að bæta skólann okkar. Við viljum leggja áherslu á ákveðna þætti til þess að öllum sem að skólanum koma líði vel. Þættirnir sem við viljum leggja áherslu á eru:

Öryggi og vellíðan. Barni sem líður vel er tilbúið að læra og skoða heiminn og takast á við þær áskoranir sem þar er að finna. Starfsfólki sem líður vel er tilbúið að gefa af sér og leiðbeina börnum á þeirri vegferð sem þau eru á. Vellíðan í starfsmannahópnum eflir samstarf og glæðir allt líf í leikskólanum. Ánægðir foreldrar styðja við leikskólastarfið, þeirra ánægja smitast til barnanna.



Útinám og umhverfi. Leikskólinn Steinhlíð hefur yfir einstakri lóð að ráða. Hún er stór og á henni má finna fjölbreyttan gróður og náttúrufyrirbæri. Lóðin býður upp á mörg námstækifæri sem þarf að nýta til náttúrufræðslu, ræktunar, félagsfærni og fleiri þátta.

Skapandi og örvandi leikskólaumhverfi. Sköpun er afskaplega breytt hugtak sem má túlka á marga vegu. Kennarar skólans eru hvattir til sköpunar í víðum skilningi þess orðs. Við viljum nýta sérstöðu hvers og eins og vitum að það eru til margar leiðir að sama markmiði, engin ein leið er sú eina rétta. Mikilvægt er að nýta allar byggingar leikskólans vel í þágu allra.



Endurmat Hlíð

Móttaka barna í upphafi dags.

Hvað má betur fara við móttöku barna? Spyrja foreldra hvort barn sé búið að borða heima.

Horfið var frá því að spyrja hvert foreldri að þessu heldur urðum við yfirleitt börnin í staðin en sumir foreldrar sögðu að fyrra bragði að barn þess væri ekki búið að borða.

Hvað gerum við vel? Það er vel tekið á móti börnunum við komu í leikskólann, með nafni og spurt hvernig þeim líði og spjallað við foreldra.

Þetta á svo sannarlega enn þá við.

Getum við bætt okkur eitthvað? Nei, halda áfram því góða sem við erum að gera.

Matmálstímar

Hvað gengur vel? Dugleg að leggja á borðið. Skipting barnanna á borðin er góð núna sem skapar meðal annars betri hljóðvist. Börnin eru dugleg að bjarga sér sjálf, t.d. að skammta sér sjálf, skera matinn, smyrja og ganga frá eftir matinn.

Hvað má bæta? Við þurfum að fá börnin til að lækka sig um nokkur desibil.

Hefja matartímann á umræðu um að tala lágt. Einn kennari sér um að ganga frá eftir matinn svo að þau sem eru með hvíldina geti farið þangað sem fyrst. Tala jákvætt um matinn, af virðingu og að smakka matinn.

Fá börnin nægan tíma? Já.

Hópastarf

Hvernig gengur hópastarfið? Mjög vel. Börnin hafa áhuga á því sem verið er að vinna að, þau eru alltaf glöð og ánægð að fara í hópastarfið. Ekki er hægt að vera með skólahóp og vinna að læsisverkefnum fyrir elstu börnin. Styttling, aukinn undirbúningur og nám starfsmanna kemur í veg fyrir að þessar stundir geti verið.

Stóðust tímasetningar? Já.

Voru verkefni fjölbreytt? Verkefnin voru fjölbreytt og börnin höfðu meira að segja um hvað var gert.

Er eitthvað sem betur má fara? Aðstaðan til listsköpunar hefur versnað, borðin eru of lág og allt of þröngt er í herberginu. Miðlun milli hópstjóra þarf að vera betri. Hver starfsmaður finnur eitt þema sem deildin vinnur að í hópstarfinu. Gera sjáanlegt skipulag fyrir árið þar sem þessi þemu koma inn.

Fataklefar

Hvernig gengur í fataklefanum? Sífellt betur, það þarf þó að halda sumum börnum að verki.

Er eitthvað sem betur má fara? Láta börnin sturta sandinum úr skónum úti, áður en þau koma inn. Að láta börnin ganga frá fatnaðinum eftir notkun.

Fá börnin tækifæri til þess að prófa sjálf? Ójá

Það er ótrúlegt að yngri börnin eru duglegri að klæða sig heldur en eldri börnin.

Útinám/útivera

Hvað gerum við í útinámi? Skoðum náttúruna, veltum fyrir okkur hvað er að gerast í náttúrunni þá stundina. Við leikum okkur í útinámi. Skoðum náttúruna á okkar forsendum. Fá verkefni sem við leysum í náttúrunni. Tínum það rusl sem við sjáum.

Hversu oft förum við í útinám? Þrisvar í viku til fimm sinnum í viku.

Hvenær á útinám sér stað? Í hópastarfi og frjálsum leik.

Hvernig gengur á leiksvæðinu okkar? Að mestu leiti vel.

Er nægilega mikið útivera? Já, ef loftgæði eru góð er farið út.

Þarf að breyta einhverju varðandi útiveru? Færa hópastarf út þegar veður leyfir. Hafa betri yfirsýn á svæðinu og vera færanleg úti á túni. Vera skýr hvað reglur úti á túni varðar og láta börnin vita af þeim.

Samverustundir

Hvað er gert í samverustundum? umsjónarmaður segir frá veðri og velur lög til að syngja, sungið er um stafi umsjónarmannsins með Lubba lögum, tilfinningar umsjónarmannsins eru ræddar og svo eru ávextir í boði í morgunsamverunni.

Hvernig ganga samverustundir? Ekki hefur verið mikið um skiptar samverustundir síðasta vetur og finnum við vel að það er gott að hafa þær tvískiptar. Ef ein samverustund er þarf annar starfsmaður að vera inni líka.

Hvað gengur vel? rútínan gengur vel.

Hvað má betur fara? Setja myndrænar reglur niðri líka. Skipta samverustundum aftur í tvennt.

Frjáls leikur/val

Hver er umgjörðin utan um frjálsan leik? Hann er í flæði stundum er val og börnin velja þá hvað þau vilja hafa í valinu.

Hvernig er hann skipulagður? í frjálsum leik finna þau sér verkefni sem þau vilja og ekki er hömlur á fjölda. Í vali eru börnin spurð hvað þau vilja hafa til að velja um og síðan eru setta fjöldatakmörk á hvert svæði fyrir sig, myndum af börnunum er snúið að hvolf og ruglað, kennari dregur svo eitt spjald í einu og það barn sem myndin er að velur.

Hvernig gengur það? Það gengur vel.

Hvað gengur vel? Þau ná að leika sér mjög vel í flæði og frágangur gengur vel.

Hvað má betur fara? Taka inn fleiri valmöguleika til að gera. Við þurfum að vera meira samstíga að takmarka fjölda leikefna á hverju svæði, sérstaklega ef viðkomandi kennari mun ekki aðstoða börnin við að taka saman; ekki skilja allt eftir fyrir næsta kennara til að taka saman.

Fær frjálsi leikurinn nægilegt pláss í dagskipulagi? Já.

Afmæli

Hvernig höldum við upp á afmæli barnanna? Kórónu gerð með barninu sem á afmæli., afmælisbarnið er þjónn þann dag. Þrjú afmælislög eru sungin fyrir afmælisbarnið Það er ís sem er búin til úr ávaxtafgöngum sem afmælisbarnið dreifir til barnanna.

Er eitthvað sem má betur fara? Nei.

Hvað gengur vel? Þau eru þátttakendur á þessum dögum.

Hvernig stöndum við að afmælisboðum barna á milli í leikskólanum? Við erum leiðbeinendur til foreldra. Okkar tilsögn er að þau bjóði öllum árganginum sínum, eða þá að allar stelpur eða strákar eða hópurinn þeirra.

Er eitthvað sem við viljum breyta? Að passa að börnin séu ekki að dreifa út boðskortum til krakkana inná deild nema öllum sé boðið.

Aðlögun nýrra barna / milli deilda

Hvernig fer aðlögun nýrra barna fram? Leiðbeinandi af deildinni sem er verið að kveðja kemur með í nokkur skipti.

Hvernig hefur það gengið? Það hefur gengið vel. Passa að hafa foreldra vel upplýsta um breytingarnar.

Foreldrasamstarf

Hvernig er foreldrasamstarfi háttað? Vikupóstur er skrifaður til foreldra á föstudögum, rætt við foreldra þegar börn koma í leikskólann og þegar þau eru sótt, ef hægt er, foreldrasamtöl.

Hvaða samskiptaleiðir notum við til þess að ná til foreldra? Tölvupóst, síma, en aðallega augliti til auglitis.

Hvað má betur fara í samskiptum við foreldra? Nei, þau eru góð eins og þau eru. Þó má minna foreldra á að láta alltaf starfsmann vita þegar barnið er sótt.

Hvað gengur vel? Samskipti við foreldra og foreldrasamstarf. Foreldrar eru duglegir að spyrja ef það er eitthvað sem þeim vantar að vita.

Er eitthvað sem þarf að varast? Að vanda samskipti við foreldra og íhuga hvað við segjum og hvernig. Ekki að segja frá einhverju neikvæðu um viðkomandi

barn nema ef foreldri er móttækilegt, nægur tími gefst til og enginn annar er nálægur.

Foreldraviðtöl. Hvernig er fyrirkomulagið á þeim? Viðtöl í skólanum í nóvember og mars.

Viljum við breyta því eitthvað? Nei.

Málörvun

Hvernig fer málörvun fram? Í daglegu starfi. Við Syngjum, tölum við þau, leggjum orð á hluti og athafnir. Við spilum gjarnan og svo margt fleira.

Hvar fer hún fram? Alls staðar, í öllu sem við gerum og segjum.

Hversu oft fer hún fram? Alltaf þegar talað er. Mikilvægt er að endurtaka leiðrétt þegar börn segja eitthvað málfræðilega rangt.

Hvað gengur vel? Það er gott hve mikið er myndrænt hjá okkur. Það er frábært að við erum farin að skipta hópnum niður fyrir lestrarsamveru.

Hvað má betur fara? Minna börnin á að nota orðin sín.

Erum við að mæta öllum þeim þörfum sem börnin hafa á þessu sviði? Já, en við þurfum alltaf að vera meðvituð um það.

Samstarf milli deilda

Hvernig er samstarfi á milli deilda háttað? Hvaða samstarf? Lítið sem ekkert hefur verið um samstarf milli deilda nema söngstund sem er stundum á föstudögum.

Eruð þið ánægð með þetta samstarf? Nei. Samstarf hefur ekki verið á milli deilda hjá okkur á Hlíð. Þrátt fyrir ítrekuð boð og umræður um slíkt.

Hvað mætti bæta? Yngri deildar þurfa að vera móttækilegar fyrir samstarfi við elstu deildina.

Hvað gengur vel?

Árstíðarbundin verkefni

Hvernig ganga þeir viðburðir sem skipulagðir eru? Átt er við jólaundirbúning, gróðursetningu, ferðir út fyrir leikskólann, pabba- og afa kaffi, mömmu og ömmukaffi.

Þetta gengur yfirleitt vel og mikil ánægja er með það sem gert er. Nema deildarstjóri Hlíðar vill ekki fá Krakkahesta nema foreldrar eru með og þá ekki á leikskólatíma.

Þegar fjölskyldunum er boðið þá gengur vel og alltaf vinsælt að koma í heimsókn og taka þátt.

Endurmat Kjarr

Innra mat Kjarr

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hópastarf	Hafa skipulagt hópastarf 3x í viku.	Með því að koma því inn í dagsskipulagið og fara eftir því.	Deildarstjóri ber ábyrgð á að setja upp hópastarfið og allir starfsmenn deildarinnar sjá um að framkvæma.	Hefst í byrjun septembers.	Lýkur í maí.	Endurmetið á skipulagsdegi í maí á hvert með skriflegu endurmati.	Að börnin læri að vinna saman í litlum hópum og nái að efla samskiptin sín á milli.
Lubbi finnur málbeinið	Að setja niður fastar Lubbastun	Með því að setja það inn í dagsskipulagið	Deildarstjóri ber ábyrgð og framkvæmd	Er allt árið	Er allt árið	Endurmetið á skipulagsdegi í maí á hvert með	Að börnin læri að þekkja helstu

	dir á deildinni	gið og fara eftir því.	stundann a.			skriflegu endurmati.	stafina í sjón og að þeim fari fram í orðaforð a.
Útinám	Hafa skipulagt útinám 3x í viku.	Setja það inn í dagsskipula gið og fara eftir því.	Deildarstjóri ber ábyrgð á að setja upp útinám og allir starfsmenn deildarinnar sjá um að framkvæma	Hefst í byrjun september	Lýkur í maí	Endurmetið á skipulagsdegi í maí á hvert með skriflegu endurmati.	Að börnin læri að vinna saman í litlum hópum, nái að efla samskiptin sín á milli og læri betur inn á sitt nánasta umhverfi.
Blær	Setja upp skipulagðar stundir með Blæ.	Setja það inn í dagsskipula gið og fara eftir því.	Deildarstjóri ber ábyrgð á að setja upp Blæ stundir og allir starfsmenn	Er allt árið.	Er allt árið.	Endurmetið á skipulagsdegi í maí á hvert með skriflegu endurmati.	Að börnin læri betur inn á tilfinningar sínar og að þau beri



			deildarinn ar sjá um að framkvæ ma				meiri virðingu fyrir öðrum.
--	--	--	--	--	--	--	--------------------------------------

Niðurstöður á innra mati Kjarrs, starfsárið 2021-2022, samantekt:

Hópastarf: Illa gekk að halda skipulögðu hópastarfi vegna Covid ástandsins í samfélaginu. Mikið var um fjarveru barna og einnig starfsfólks. Reynt var að halda hópastarf á þeim dögum sem nóg var af starfsfólki. Ef upp kemur sú staða að ekki sé hægt að halda hópastarfi að hugsa þá út fyrir kassann og setja tvo til þrjá hópa saman eða einfalda verkefni.

Listsköpun: Vel gekk að koma listsköpuninni í fastari skorður innan hópastarfsins en vegna þess hve illa hópastarfið gekk var ekki mikið um listsköpun í hópastarfi en við nýttum tímann vel á morgnanna í föndur og ýmis konar verkefni.

Útinám: Illa gekk að halda skipulögðu útinámi vegna Covid ástandsins í samfélaginu. Mikið var um fjarveru barna og einnig starfsfólks. Reynt var að halda skipulögðu útinámi á þeim dögum sem nóg var af starfsfólki. Starfsfólk var þó mjög duglegt að fara með alla deildina í reglulega göngutúra um nágrennið. Ef upp kemur sú staða að ekki sé hægt að halda útinám að hugsa þá út fyrir kassann og setja tvo til þrjá hópa saman eða einfalda verkefni.

Ruslatínludagur 2022:

Gekk mjög vel, en enginn sem skipulagði daginn, engin ábyrgð sett á neinn. Viljum endilega hafa þetta aftur svona einfalt á næsta ári, drykkir og mögulega einhverjar smá veitingar, td kex eða kleinur.

Innra mat Laut

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi/málörvun	Lestur á hverjum degi í samveru. Söngur daglega. Leggjum orð á allar athafnir og nýtum hvert tækifæri til samtals við börnin. Tökum fyrir einn staf í viku í Lubbastundum. Nota „Gefðu 10“ með fjöltyngdu m börnum.	Lesum bók eða loðtöflusögu daglega. Syngjum fjölbreytt lög daglega. Nýtum matartíma, frjálsan leik og bleyjuskripti til að mynda góðar samræður. Skipuleggjum Lubbastundi. Höfum skráningalist með nöfnum barna og starfsfólks og merkjum við þegar við	Deildarstjóri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarinnar framkvæmir.	Sep t - júní		Höfum bækur sýnilegar á deildinni. Gerum söngskrá fyrir hvern mánuð og lítil söngspjöld með mynd. Hafa fjölbreyttar myndir með Lubbastaf til að byggja samræður á. Æfa rím, atkvæði, samsett orð, yfirhugtök með tilbúnu námsefni.	Að börnin heyri fjölbreyttar sögur og söng daglega og áhersla á endurtekningu. Nýtum hvert tækifæri til að tala við þau. Börnin fá innsýn í rím, atkvæði, samsett orð og yfirhugtök ásamt máhljóðum.



		erum búin að gefa 10.					
Sjálfshjálp	Að börnin læri helstu sjálfhjálp miðað við aldur þeirra og þroska.	Þjóðum börnunum að gera hlutina sjálf og boðin aðstoð þegar við á.	Deildarstj óri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarin nar framkvæ mir	Allt árið		Börnunum boðið að gera sjálf, ef það gengur ekki býður starfsfólk barninu hjálp. Börnin Sjálftraust eflist og þau verða færari í að bjarga sér sjálf í daglegum athöfnum klæða sig sjálf í útiföt, koma sjálf þegar þeim er boðið og boðið að fara á klósett/kopp.	Sjálftraust eflist og þau verða færari í að bjarga sér sjálf í daglegum athöfnum
Útinám/útv era	Kynna börnin fyrir umhverfi leikskólans og fjölbreyttri náttúru. Að börnin læri að vera úti í	Förum í ferðir út fyrir girðingu og löbbum um svæðið umhverfis leikskólann. Förum út að	Deildarstj óri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarin nar framkvæ mir.	Okt - maí		Útinám er inni í skipulögðu hópastarfi. Börnunum skipt upp í litla hóp og tveir kennarar fara	Að börnin kynnist umhverfi sínu og læri að umgangast náttúruna og fjölbreytt



	öllum veðrum.	lágmarki einu sinni á dag.				með hvern hóp. Hvert skipti skipulagt fyrirfram til að ná markvissri kennslu. Lögð áhersla á daglega útiveru allt árið.	íslenskt veðurfar.
Foreldrasamstarf	Byggja upp gott og traust samband milli starfsfólks og foreldra. Kynnast lífi barnanna utan leikskóla með myndum.	Sendu póst vikulega til foreldra, hringja eða senda póst ef eitthvað kemur upp vaðandi barnið, daglegt samtal í upphafi og lok dags. Biðjum foreldra að senda okkur myndir af fjölskyldu og lífi barnsins (heimamenn ing)	Deildarstjóri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Allt árið		Allt starfsfólk sé sýnilegt og taki þátt í samstarfi við foreldra	Ánægðir foreldrar sem upplifa traust og öryggi barnanna sinna í leikskólanum



Frjáls leikur	Börnin fá tækifæri til frjáls leiks daglega	Hafa tíma og rými til frjáls leiks í dagsskipulagi	Deildarstjóri ber ábyrgð. Starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Allt árið		Gefa börnunum tækifæri á að velja sér leikefni og hafa nægan tíma til að ná dýpt í leiknum.	Að börnin eflist í félagslegum samskiptum í gegnum leikinn
Félagsfærni	Börnin fá tækifæri til að efla félagsfærni sína, samkennd, mörk og virðingu.	Notum Vináttuverkefni frá Barnaheillum.	Deildarstjóri ber ábyrgð og starfsfólk framkvæmir.	Allt árið		Notum verkfæri úr vináttuverkefninu og höfum vináttustundir einu sinni í viku fyrir litla hópa. Starfsfólk verið góðar fyrirmyndir í samskiptum við börnin og hvort annað.	Auka vellíðan, góð samskipti. Börnin læra að setja mörk og virða mörk annarra.



Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan á sér stað inni á deild eins og hægt er en börn eru tekin í einstaklingskennslu þegar þörf er á. Fyrir börn sem að þurfa á sérstökum stuðningi að halda er gerð einstaklingsnámskrá í samráði við foreldra og hún endurmetin með reglulegu millibili. Það er mismunandi hvaða skráningarkerfi er notað hverju sinni eftir þörfum hvers barns.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	EFI-2, TRAS, HLJÓM-2, APES, Íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni sem að hafa verið notuð í sérkennslu eru spil (sum hafa verið keypt önnur búin til), bækur, smáforrit á borð við Bitsbord, Orðagull og Leikum og lærum með hljóðin. Einnig hefur verið nýtt Tölum saman og Tákn með tali.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Námsefni	Hvernig er unnið að markmiðum TRAS.	Gera áætlun um hvernig er unnið með ákveðna þætti TRAS. Þá er auðvelt að vinna með þá þætti sem að þarf að styrkja.	Sérkennslustjóri og deildastjórar	01.09.21	01.06.23	Mat deildastjóra á því hvernig efnið nýtist.	Að til sé efni sem að styrkir ákveðna TRAS þætti.
Lausnarteymi	Skilvirkari samskipti og áætlanargerð	Að halda lausnarteymisfundir að minnsta kosti 2 á önn. Á honum situr leikskólastjóri,	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri.	01.09.22	01.06.23	Fundargerðir verða ígrundaðar.	Að fundir hafi verið haldnir að minnsta kosti 2x á önn. Að öll



		sérkennslustjóri og aðrir viðeigandi aðilar eftir þörfum. Fundað verður um málefni barna sem að þurfa á sérstakri íhlutun að halda. Á fundinum verður farið yfir styrkleika og veikleika barnanna og viðeigandi ferli hafið. Það getur þýtt að gerð verði einstaklingsnámskrá í samráði við foreldra, að beðið verði um ráðleggingu annara fagaðila eða sótt verði um mat. Málefni barnanna verður svo tekið upp aftur á næsta lausnarfundi og afrakstur aðgerða metnar og tekin ákvörðun um framhaldið.					mál sem að þurfti að ræða hafi komist að og farið í viðeigandi ferli.
--	--	---	--	--	--	--	--

Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Það fer í starfsmannahald eða kaup á námsefni.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er unnið með grunnorðaforðann allan daginn með því að leggja markvisst orð á hluti og athafnir. Þá eru allar stundir notaðar til að leggja inn orð og ræða saman s.s. matartími, bleyjuskipti, fataklefinn og ekki síður leikurinn. Samverustundir eru

	notaðar til málörvunar og er t.d. farið yfir útifatnað barnanna með aðstoð mynda á hverjum morgni. Þegar börnin eldast gerum við kröfu á að þau noti orðin sjálf til að biðja um það sem að þau vilja. Fyrst eru þau aðstoðuð þar sem starfsfólk nefnir hlutina fyrst eða gefur þeim vísbendingar þar til þau ná tökum á orðunum sjálf. Við leggjum grunnorðaförða einnig inn þegar við spilum spil eins og bingo, ég á... hver á? eða Alias.
Er markvisst verið að dýpka orðaförða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaförða barna?	Á Steinhlíð er mikið lesið og sungið með börnunum og við nýtum mikið myndir til að leggja inn ný orð. Þá notum við líka tákn með tali til að gera orðin sýnileg. Við leggjum áherslu á að samverustundirnar séu gæða stundir og að hóparnir séu eins litlir og hægt er.
Er fylgst með framförum fjöltyndra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Deildarstjóri hverrar deildar fyllir út matlistann TRAS fyrir öll börn á deildinni þar sem fylst er með framförum fjöltyndra barna í íslensku.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaförði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já. Þessir þættir eru flestir skráðir á TRAS listunum og við fylgjumst vel með þessum þroskaþáttum. Við vinnum mikið með tilfinningar bæði í gegnum myndir, sögur, söngva og ræðum þær í daglegum aðstæðum.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráning	Að hefja notkun á Hæfnis- rammanum.	Að nota Hæfnisramman með þeim börnum sem að eru nýbúar þegar þau byrja á leikskólanum og fjöltýngdum börnum sem að við teljum ástæðu til að fylgjast sérstaklega vel með málþroskanum hjá þeim. Tras verður áfram notuð sem helsta skráningarleið á málþroska barna í leikskólanum.	Sér- kennslu- stjóri og deildar- stjórar	15. 08. 22	01. 06. 23	Skoðað verður hvort að Hæfnisramminn var notaður til að fylgjast með framförum á málþroska fjöltýngdra barna þegar það var metið að það þyrfti ítarlegri skráningar en fást með TRAS.	Að hæfnis- ramminn sé fylltur út fyrir viðeigandi börn á 3-6 mánaða fresti.

Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Covid-19 hefur haft talsverð áhrif á bæði starfsþróunarsamtöl og einnig á fræðslufyrirlestra sem hefur verið með minna móti. Til stóð að halda skyndihjálparnámskeið, það féll niður vegna þess að fyrirlesarar fengu Covid. Skólastjóri hefur þó átt óformleg samtöl við starfsmenn.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við grunnskóla og frístundaheimili hefur að miklu leyti legið niðri vegna Covid-19. Við fengum boð á viðburði hjá Vogaskóla, ekki var þó hægt að fara vegna manneklu. Vogaskóli hefur þó komið til okkar og nýtt sér lóð

Steinahlíðar. Við höfum svo farið í eina skólaheimsókn með elstu börn leikskólans. Leikskólar hafa einnig fengið að koma og nýta sér lóðina.

Foreldrasamvinna.

Covid-19 hefur haft mikil áhrif á þennan þátt eins og svo marga í skólastarfinu. Ekki hefur verið hægt að bjóða foreldrum í skólann vegna sóttvarnaraðgerða. Foreldrar hafa þó núna nýverið komið til okkar í skólann. Við höfðum ruslatínsludag þar sem foreldrum var boðið, einnig héldum við hin árvissa drullumallsdag þar sem foreldrar komu til okkar. Við stefnum á að auka foreldrasamstarf nú þegar heimsfaraldur er að baki okkur.

Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar hafa verið skipulagðir sem hér segir:

Föstudagurinn 2. september

Fimmtudagurinn 20. október

Föstudagurinn 5. maí (2023)

Við þurfum einnig að hafa þrjá sameiginlega skipulagsdaga með grunnskóla hverfisins yfir veturinn. Þeir eru:

Föstudagurinn 25. nóvember

Mánudagurinn 30. janúar (2023)

Föstudagurinn 17. mars (2023)

Rétt er að taka fram að verið er að skipuleggja námsferð erlendis að vori 2023. Ef sú ferð gengur eftir þurfum við að færa einhverja skipulagsdaga. Leikskólastjóri verður í sambandi við foreldra um þær breytingar eins fljót og hægt er.



Umsögn Foreldraráðs

Undirrituð hafa lesið og kynnt sér starfsáætlun leikskólans Steinahlíðar 2022-2023. Foreldraráð telur starfsáætlunina uppfylla þau skilyrði sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar setur varðandi starfáætlanir leikskóla.

Í starfsáætluninni er farið vel yfir áherslur Steinahlíðar í leikskólastarfi og mætti þar sérstaklega nefna útinám og náttúruna sem er einstök fyrir leikskólann og vel nýtt. Farið er yfir starfsmannahald og er ánægjulegt að af 14 starfsmönnum eru sex leikskólamenntaðir og telur foreldraráð það til marks um hve góður leikskólinn, sem og starfsandinn, er. Þá er einnig vert að taka fram hve góðu starfi starfsmenn hafa skilað þrátt fyrir krefjandi aðstæður síðastliðið ár vegna Covid-19. Alla jafna virðast starfsmenn vera ánægðir á vinnustaðnum sem smitast yfir í börnin.

Í starfsáætluninni kemur fram innra mat á hverri deild fyrir sig og einnig endurmat á sérkennslu og fjöltyngi. Þar er farið yfir hvað hefur gengið vel og einnig hvar úrbóta er þörf. Foreldraráð telur að starfsáætlunin sé til marks um áframhaldandi gæðastarf innan leikskólans og vonar ráðið að nú sé Covid-19 á undanhaldi svo leikskólastarf geti haldið áfram sínu striki án raskana.

Helsta óánægja foreldraráðs er sú að skipting milli framkvæmda hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og barnavinafélagi Sumargjafar er óljós og aðilar halda því oft að sér höndum þegar kemur að framkvæmdum og benda á hvor annan. Þetta bitnar á börnunum og leikskólastarfinu og óskar foreldraráð eftir því að gert sé skýrara regluverk þegar kemur að framkvæmdum á lóð leikskólans.

Með afléttingum sóttvarnaraðgerða hófst aftur foreldrasamvinna, þ.e. þegar foreldrum er boðið að koma og taka þátt í leikskólastarfi eða koma í heimsókn. Steinhlaði bauð foreldrum að koma á ruslatísludag, sumarhátíð og drullumallsdaginn. Að mati foreldraráðs tókst vel til og fjölmenntu foreldrar á fyrrnefnda viðburði. Foreldraráði þykir síðastliðið ár hafa gengið mjög vel og ágætlega hefur gengið að fylgja starfsáætlun.

Fyrir hönd foreldraráðs, Birta Sif Arnardóttir

Foreldraráð skipa:

Anna Liebel

Arnar Þór Arnarsson

Ásta Björnsdóttir

Birta Sif Arnardóttir

Silja Björk Egilsdóttir

Steinunn Guðný Ágústsdóttir

1

1.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



